

# ÞRÓUN ALVARLEGRA UMFERÐARSLYSA Á ÍSLANDI

Einar Magnús Magnússon  
fréttastjóri Umferðarstofu

## FÆKKUN UMFERÐARSLYSA

Umferðarslysum hefur fækkað milli áráanna 2002 til 2003. Alvarlega slösuðum fækkar um 12% og minna slösuðum um 18%. Sé miðað við árin 1984 til 2003 eru slys með alvarlega slösuðum og minna slösuðum í lágmarki 2003 þótt eknar vegalengdir hafi aukist um 50% á þessum áratug.

## FÆKKUN SLYSA UNGRA ÖKUMANNA

Slysum af völdum 17 ára ökumanna fækkar ár frá ári og var munurinn hvað mestur á milli áráanna 1998 og 1999 en þá minnkaði hlutdeild 17 ára ökumanna í alvarlegum umferðarslysum úr 40% í 25%. Árið 2003 báru þeir ábyrgð á 21,2% alvarlegra umferðarslysa.

## BANASLYS

Í skýrslu um umferðarslys á Íslandi kemur fram að látnum fækkaði úr 29 í 23, slösuðum fækkaði úr 1.485 í 1.221 og alvarlega slösuðum úr 164 í 145 á þessu eina ári. Hafa ber í huga að þessar tölur sveiflast mjög á milli ára í því erfitt að meta árangurinn í baráttunn gegn banaslysum.

Flest banaslys verða í dreifbýli þrátt fyrir að langstærstur hluti almennrar umferðar eigi sér stað í þéttbýli. Aukinn hraði úti á vegum er talin aðal skýringin á þessu.

## 65% FÆRRI ALVARLEGA SLASAÐIR EN ÁRIÐ 1984

Ef litið er yfir lengra tímabil í samanburði við árið 2003 kemur í ljós að frá árinu 1984 hefur alvarlega slösuðum fækkað úr 419 í 145 á síðasta ári. Þetta þýðir að það eru rúmlega 65% færri alvarlega slasaðir í fyrra en árið 1986. Hafa ber í huga að þrátt fyrir þessa fækkun hefur árlegur akstur aukist, fyrir sama tímabil, úr 1.280 milljónum kílómetra í 2.697 milljónir kílómetra en sú aukning nemur rétt tæpum 111%.

## FLEIRI ELDRI ÖKUMENN

Hlutur ökumanna sem eru 60 ára og eldri í banaslysum hefur aftur á móti aukist á undanförunum árum. Ástæður þessa geta verið þær að eldra fólk er meira á ferðinni en fyrir einum til tveimur áratugum og einnig eru fleiri virkir ökumenn á fullorðinsaldri.